

Heiti: Persónuverndarstefna

Útgáfa: 1

Dagsetning: 06.11.2024



Persónuverndarstefna Five Degrees

Tilgangur

Five Degrees er umhugað um persónuvernd og rétta og örugga meðhöndlun persónuupplýsinga. Tilgangurinn með persónuverndarstefnunni er að útskýra hvernig Five Degrees ehf., kt. 601205-0330, Hlíðasmára 12, 201 Kópavogi (hér eftir „Five Degrees“ eða „við“) meðhöndlar og vinnur með persónuupplýsingar viðskiptavina sinna og þeirra sem hafa samband við fyrirtækið eða heimsækja vefsíðuna (<https://www.fivedegrees.is>). Í stuttu máli notum við persónuupplýsingar þínar til að hafa samband við þig, upplýsa þig um þjónustu okkar og senda þér persónuleg tilboð ef við á.

Lagaleg skylda

Five Degrees tryggir að unnið sé með persónuupplýsingar samkvæmt gildandi lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Varðveisla gagna

Five Degrees mun geyma persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er samkvæmt lögum. Vinnslusamningar milli Five Degrees og viðskiptavina innihalda nánari upplýsingar.

Notkun á vafrakökum

Í dag safnar heimasíða Five Degrees engum vefkökum (e. cookies).

Hafðu samband

Ef þú hefur spurningar um persónuupplýsingar þínar eða persónuverndarstefnu Five Degrees bendum við þér á að senda okkur póst á netfangið support@fivedegrees.is.

Samþykkt af stjórnendum Five Degrees ehf. 5. nóvember 2024.